

HÚSÖNDIN

39.tbl. 1.árg.
7.nóv. 2018

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 8.-14. NÓVEMBER

- 9.11 *Jóhanna Njálsdóttir, Birkir Fanndal Haraldsson*
10.11 *Birgir Valdimar Hauksson*
12.11 *Þórhallur Kristjánsson*
13.11 *Dreki Lars Garðarsson, Hjördís Sigríður Albertsdóttir*



Kæru Mývetningar og nærsveitungar.

Jón Ingi Hinriksson ehf. hefur tekið við rekstri Karls Viðars í gamla Sniðilshúsinu að Múlavegi 1. Ætlunin er að reka sambærilega þjónustu í húsinu, þ.e. bifreiðaverkstæði, hjólbarðaverkstæði, bílabjörgun og bílaleigu.

Símanúmerið á staðnum verður það sama 464-4117.
Einnig erum við með nýtt símanúmer en það er 623-6660.

Ekki hika við að hafa samband.




VISSIR ÞÚ

AÐ Á NORÐAUSTURLANDI
ERU UM ÞAÐ BIL

250.000

PAPRIKUR RÆKTAÐAR
ÁR HVERT MEÐ
JARÐHITA?



www.eimur.is



facebook.com/eimurNA



instagram.com/eimur_iceland

EIMUR



KIWANISKLÚBBURINN
HERÐUBREIÐ
MÝVATNSSVEIT

Ljósakrossar

Eins og um síðustu jól mun Kiwanisklúbburinn Herðubreið setja upp ljósakrossa á leiði í Reykjahlíðarkirkjugarði. Ljósakrossarnir verða settir upp á sömu leiði og um síðustu jól.

Þeir aðilar sem **EKKI** vilja nýta sér þessa þjónustu áfram vinsamlega látið vita fyrir 23.nóv. í síma 897 4108.

Eigum nokkrum krossum óráðstafað,
pantanir í þá þurfa að berast sem fyrst,
helst fyrir 23.nóv. til Þorbergs í síma 897 4108.

Leiga fyrir krossinn er kr.3000.-

Bíll til sölu

Til sölu Skoda Superb, diesel, árgerð 2016.

Bíllinn er ekinn um 40 þúsund, sjálfskiptur og fjórhjóladrifinn. Innfelld dráttarkúla er á bílnum og fylgja nagladekk á álfelgum með.

Mjög gott eintak.

Nánari upplýsingar hjá Jóni Inga í síma 896-4250.





Auglýsing um fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi Kröfluvirkjunar

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps áformar breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 með breyttri legu Kröflulínu 3 og nýjum efnistökusvæðum hennar vegna. Jafnframt verður deiliskipulagi Kröfluvirkjunar breytt.

Kröflulína 3 verður um 120 km löng flutningslína raforku milli tengivirkis við Kröfluvirkjun í Skútustaðahreppi og tengivirkis við Fljótsdalsstöð í Fljótsdal. Gert er ráð fyrir Kröflulínu 3 í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 en við hönnun línunnar og umhverfismat hennar var valin línuleið sem vîkur frá aðalskipulaginu næst Kröflu auk þess sem óveruleg breyting er á legu línunnar um 6-7 km austan Kröflusvæðisins.

Unnið er að breytingu á deiliskipulagi Kröfluvirkjunar, sem samþykkt var 14. nóvember 2013. Tilefni breytingarinnar er breytt lega á Kröflulínu 3 í nánd við Kröflustöð. Fyrirhuguð breyting mun felast í því að lega línunnar breytist frá Sandabotnaskarði að Kröflustöð og verður breytt lega línunnar færð inn á deiliskipulagsuppdrætti A og B. Einnig verður deiliskipulagsuppdráttur B uppfærður miðað við ný mannvirki.

Skipulagslýsing og matslýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagi mun liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps til og með fimmtudagsins 15. nóvember 2018. Lýsingarnar eru einnig aðgengilegar á heimasíðu Skútustaðahrepps: www.skutustadahreppur.is undir Skipulagslýsingar (efst á forsíðu). Þeim sem vilja gera athugasemdir við lýsingarnar eða koma með ábendingar er gefinn frestur til og með 15. nóvember 2018 til að koma þeim skriflega á framfæri til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn og/eða í tölvupósti á netfangið: gudjon@skutustadahreppur.is.

Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður.

Guðjón Vésteinsson,
skipulagsfulltrúi Skútustaðahrepps





Umsóknir um úthlutun menningarstyrkja Seinni úthlutun 2018

Í samræmi við nýsamþykktar reglur um úthlutun menningarstyrkja í Skútustaðahreppi auglýsir velferðar- og menningarmálanefnd eftir umsóknum til menningarstarfs í sveitarfélaginu en þetta er seinni úthlutun ársins 2018. Skútustaðahreppur veitir styrki til einstaklinga, hópa, félagssamtaka, fyrirtækja og stofnana til almennrar menningarstarfsemi eða verkefni.

Við mat á umsóknum skal menningarfæra Skútustaðahrepps höfð til hliðsjónar. Auk þess er horft til eftirfarandi þátta:

- Hvernig verkefnið / starfsemin auðgar menningarlífið í Skútustaðahreppi og hvernig fjármunirnir nýtist í því samhengi.
- Hversu líklegt er að verkið verði framkvæmt, laði að frekara fjármagn og aðstandendur verkefnisins geti hrint því í framkvæmd.
- Gæða, vinnslu og framsetningar umsóknar, sýn umsækjenda og fagleg vinnubrögð.

Sótt skal um verkefnastyrki á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu Skútustaðahrepps (undir Stjórnslá > Skjöl og útgefið efni > Umsóknareyðublöð). Umsóknir skal senda á netfangið skutustadahreppur@skutustadahreppur.is. Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember 2018.

Velferðar- og menningarmálanefnd



AÐ KVELDI SKAL DAG LOFA

Kæru lesendur og viðskiptavinir

Vegna breytinga á pósthjónustu í sveitinni mun Húsöndin framvegis verða borin út á fimmtudögum og föstudögum.

Húsöndin verður í fríi fyrstu vikuna í desember og svo yfir hátíðirnar.

Útgáfudagar fram að áramótum eru því:

14., 21. og 28. nóvember,

12. og 19. desember.

Jóla kveðja í Húsöndinni mun kosta 2000kr. og verða þær birtar 19. desember.

Þeir sem vilja vera á póstlista

Húsandarinnar geta skrifað mér á

husondin@gmail.com eða í síma

849-2804

Hafið það gott. Kær kveðja,

Arnþrúður

